

## AUGLÝSING

### um óverulega breytingu á deiliskipulagi í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Óveruleg breyting á deiliskipulagi Hörðuvalla, Reykdalsreits, vegna Ljósatraðar 2.*

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 17. desember 2019 óverulega breytingu á deiliskipulagi Hörðuvalla, Reykdalsreits, vegna stækkunar á byggingarreit við Ljósatröð 2.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Hafnarfirði, 18. desember 2019.*

**Berglind Guðmundsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2020